

Fundargerð 47. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 18. febrúar 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir og Guðjón Bragason. Sævar Skaptason boðaði forföll.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir.

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Þriðja yfirferð umsóknna

Á dagskrá var að fara yfir 15-20 efstu umsóknir að mati umhverfisstjóra. Farið var yfir eftirfarandi umsóknir og var einkunnagjöf endurskoðuð í nokkrum tilvikum. Tölувert er um að gögn með umsóknum séu ekki naegilega skýr til að hægt sé að ljúka mati á umsóknum. Þegar um er að ræða verkefni á svæðum sem eru undir miklu álagi felur stjórnin Ferðamálastofu að kalla eftir nánari skýringum frá umsækjendum.

Nr	Umsækjandi	Verkefni	Athugsemd fundar
14	Djúpavogshreppur	Teigarhorn - í átt að aukinni sjálfbærni: deiliskipulag, uppbygging stíga og endurbætur á húsakosti	Athuga á heimasíðu sveitarfélagsins hvort verkefnið sé útboðsskylt.
103	Umhverfisstofnun	Nýr stigi við Gullfoss	Björn finnur deiliskipulag og umsögn og kallar eftir hönnunargögnum og nákvæmari áætlunum.
4	Bakhjarlarnir	Lýsulaugasvæðið - yfirsýn, samræming og heildar skipulag	Ath stöðu á náttúruminjaskrá og/eða friðlýsingu.
31	Gnúpverjahreppur	Gjain í Þjórsárdal umhverfi og aðgengi	Óska eftir skriflegu samþykki skiplagsyfirvalda stöðu á náttúruminjaskrá skoða kostnaðaráætlun.
34	Hafnarfjarðarbær	Seltún – áframhaldandi uppbygging	Engin athugasemd við umsókn.
87	Skaftárhreppur	Áningarstaður í Eldhrauni	Ath stöðu á náttúruminjaskrá og/eða friðlýsingu
101	Sveitarfélagið Vogar	Lambafellsgjá	Ath með náttúruminjaskrá og/eða friðlýsingu. Taka út texta um VSÓ.
102	Sveitarfélagið Ölfus	Reykjadalur 2014	Ath með náttúruminjaskrá og/eða friðlýsingu. Fella út athugasemd um skipulag.
113	Umhverfisstofnun	Útsýnispallur auk göngustíga beggja vegna hans við Gullfoss	Björn finnur deiliskipulag og umsögn og kallar eftir hönnunargögnum og nákvæmari áætlunum.
1	3h travel	Göngustígur að Þríhnúkagig um Strompahraun	Engin athugasemd við umsókn en fram komu efasemdir um réttmæti

			styrkveitingar,,
19	Eyðibýli í þágu atvinnulífs	Eyðibýli í þágu atvinnulífs /Skorradalshúsin	Fara þarf betur yfir hvort verkefnið falli að skilyrðum sjóðsins.

Björn var beðinn um að senda stjórn tölvupóst með gögnum úr umsókn P-2013-11-05-0117 um slysavarnir í Kerlingafjöllum.

2. Önnur mál

Albína benti á að í næsta umsóknarferli þyrfti að sjá til þess að skýrt kæmi fram í umsóknum hvaða styrki umsækjandi hefði áður fengið hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Sólrun mun senda út upplýsingar um hversu miklu fé gistenáttagjaldið hefur skilað í í sjóðinn frá upphafi.

Ákveðið var að næsti fundur 25. febrúar yrði fram að hádegi.

Fundi slitið kl. 10.00

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature reads 'Björn Jóhannsson'. Below it is another signature that appears to read 'Ásgerður Ólafsdóttir'. At the bottom is a signature that appears to read 'Sólrun Þórsson'. To the right of these signatures, the letters 'SOLR' are written in capital letters.